

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1560/2007

2010/EES/6/60

frá 17. desember 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 21/2004 að því er varðar dagsetningu innleiðingar á rafrænni auðkenningu sauðfjár og geita (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

þessari dagsetningu með því að fresta henni til 31. desember 2009 svo aðildarríkin geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða kerfið á réttan hátt, að teknu tilliti til núverandi og mögulegra efnahagslegra áhrifa.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

- 5) Nokkur aðildarríki hafa nú þegar þróað nauðsynlega tækni til að innleiða rafræna auðkenningu og öðlast mikilvæga reynslu við framkvæmd hennar. Ekki skal koma í veg fyrir að þau innleiða hana á landsvísu, ef þau telja ástæðu til. Reynsla þeirra mun veita framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum verðmætar viðbótarupplýsingar um tæknilegar afleiðingar þess að innleiða rafræna auðkenningu og um áhrif þess.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita ⁽²⁾ er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 2) Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að frá og með 1. janúar 2008 verði skylda að nota rafræna auðkenningu fyrir öll dýr sem eru fædd eftir þá dagsetningu.
- 3) Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, eigi síðar er 30. júní 2006, leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd rafræna auðkenningarkerfisins ásamt viðeigandi tillögum, sem ráðið skal greiða atkvæði um til að staðfesta eða breyta, ef þörf krefur, dagsetningunni þegar innleiðing á skyldubundinni notkun kerfisins tekur gildi, og uppfæra, ef þörf krefur, tækniatriði sem tengjast framkvæmd rafrænnar auðkenningar.
- 4) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að færa rök fyrir dagsetningunni 1. janúar 2008 sem dagsetningu til að innleiða rafræna auðkenningu. Því er rétt að breyta

- 6) Með hliðsjón af efnahagslegu mikilvægi þessarar reglugerðar er nauðsynlegt að beita flýtimeðferðinni sem kveðið er á um í lið I.3 í bókun um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu í viðauka sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmála Evrópubandalaganna og sáttmála um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 7) Þar eð þessi reglugerð á að gilda frá 1. janúar 2008, skal hún taka gildi þegar í stað.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 21/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

⁽¹⁾ Álit frá 13. desember 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

„3. Frá og með 31. desember 2009 er rafræn auðkenning, í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 1. mgr. og í samræmi við viðeigandi ákvæði í A-þætti viðaukans, skyldubundin fyrir öll dýr.“

2. Í stað 4. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„4. Fyrir 31. desember 2009 mega aðildarríkin innleiða skyldubundna notkun rafrænnar auðkenningar á dýrum sem eru fædd á yfirráðasvæði þeirra.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2007.

Fyrir hönd ráðsins,

J. SILVA

forseti.
